

Inngangur

Kjaratölfræðinefnd er samstarfsnefnd ríkis, sveitarfélaga og Heildarsamtaka á vinnumarkaði. Nefndin hóf störf í desember 2019 og eru fulltrúar í henni frá forsætisráðuneyti, félags- og vinnu-málamálaráðuneyti, fjármála- og efnahagsráðuneyti, Alþýðusam-bandi Íslands, Bandalagi háskólamanna, BSRB, Kennarasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum atvinnulífs-ins og Hagstofu Íslands. Með nefndinni var stofnað til samstarfs heildarsamtaka á vinnumarkaði, ríkis og sveitarfélaga um gerð og hagnýtingu talnaefnis um laun og efnahag til undirbúnings og eft-irfylgni með kjarasamningum. Nefndinni er ætlað að stuðla að því að aðilar samkomulagsins hafi sameiginlegan skilning á eðli, eigin-leikum og þróun þeirra

Markmið nefndarinnar er að fyrir liggja áreiðanlegar upplýsingar og sameiginlegur skilningur aðila um laun og efnahag sem nýtast við undirbúning og eftirfylgni kjarasamninga á hverjum tíma. Ríkis-sáttasemjari hýsir nefndina og leggur til fundar- og starfsaðstöðu. Nefndin fjallar um gögn sem liggja til grundvallar kjarasamninga-gerð á hverjum tíma og eru grundvöllur fyrir launamyndun á vinnu-markaði. Nefndin tekur engan beinan þátt í kjarasamningum og breytir ekki hlutverkum eða stöðu þeirra aðila sem að nefndinni standa.

Kjaratölfræðinefnd gefur út tvær skýrslur á ári, að vori og hausti, og er þetta fimmta skýrsla nefndarinnar. Skýrslan skiptist í fimm megin-kafla sem fjalla um kjarasamninga gerða í yfirstandandi kjaralotu, efnahagsmál og launabróun sem flokkuð er eftir heildarsamtökum launafólks og atvinnurekendum og samanburð á launum karla og kvenna. Í umfjölluninni er áherslan á þá kjaralotu sem er að ljúka, þ.e. tímabilið frá upphafi samningstímabilsins apríl 2019 til júní 2022. Í lok október 2022 rann út gildistími flestra samninga á almennum markaði og eru lausir samningar því á annað hundrað. Flestir samningar á opinberum markaði gilda út mars 2023.

Ítarlegt talnaefni um laun og launabróun má finna í gagnasafni á heimasíðu kjaratölfræðinefndar, <https://www.ktn.is/gagnasafn-og-fleira>. Einnig má þar finna samanteknar upplýsingar um félagsmenn stéttarféлага utan heildarsamtaka og launafólks utan stéttarféлага á almennum og opinberum markaði.

Kjaratölfræðinefnd vinnur náið með Hagstofu Íslands og er starfsfólki hennar þakkað mjög gott samstarf við undirbúning skýrslunnar og ber helst að nefna Margréti Kristínu Indriðadóttur, deildarstjóra hjá Hagstofu Íslands og Önnu Sigríði Halldórsdóttur fagstjóra. Nefndin þakkar Ágústi Arnórssyni, starfsmanni nefndarinnar, fyrir vinnu við ritun skýrslu og Kristínu Jónu Þorsteinsdóttur fyrir vinnu við umbrot skýrslunnar.